



Reykjavík, 15. október 2024  
SFS22020013

Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð

**Efni: Samkomulag UNICEF á Íslandi og skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar vegna verkefnisins Réttindaskóli og -frístund UNICEF**

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 14. október 2024 var lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 3. október 2024, um Réttindaskóla, Réttindafrístund og Réttindaleikskóla og stöðu innleiðingar á Barnasáttmálanum í starfi skóla- og frístundasviðs í samvinnu við UNICEF ásamt drögum að samkomulagi UNICEF á Íslandi og skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar vegna verkefnisins Réttindaskóli og -frístund UNICEF og reglum Reykjavíkurborgar um styrki, dags. 25. maí 2017.

Erindið var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Erindinu er hér með vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Ráðið þakkar fyrir kynningu á stöðu innleiðingar barnasáttmálans í skóla- og frístundastarfi en Alþingi Íslendinga lögfesti samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins í mars 2013. Fullur vilji er hjá skóla- og frístundasviði að tryggja að öll starfsemi sviðsins muni taka mið af þeim skuldbindingum sem leiða af lögfestingu samningsins. Við viljum vinna markvisst að innleiðingu Barnasáttmálans í öllu starfi m.a. með því að fara í aukið samstarf við UNICEF um vinnu við Réttindaskóla barna.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson  
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:  
Minnisblað, dags.3.okt.2024  
Drög að samkomulagi, ódags.  
Reglur Reykjavíkurborgar um styrki, dags. 25. maí 2017

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

### ***Efni: Réttindaskóli, Réttindafrístund og Réttindaleikskóli staða innleiðingar á Barnasáttmálanum í starfi skóla- og frístundasviðs í samvinnu við UNICEF***

Alþingi Íslands lögfesti samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins í mars 2013. Í tilefni lögfestingarinnar skipaði borgarstjóri Reykjavíkur starfshóp. Markmið með stofnun starfshópsins var samkvæmt erindisbréfi að tryggja að öll starfsemi Reykjavíkurborgar taki mið af þeim skuldbindingum sem leiða af lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Hlutverk hópsins var að vinna samantekt á þeim þáttum í stjórnslu og þjónustu Reykjavíkurborgar sem snúa að skuldbindingum sem leiða af lögfestingu barnasáttmálans. Í erindisbréfi var vísað til samþykkrar tillögu borgarstjórnar á fundi borgarráðs þann 4. september 2014.

Meðal tillagna sem starfshópurinn lagði fram var mikilvægi markvissrar fræðslu fyrir starfsfólk, kjörna fulltrúa og borgarbúa með sérstaka áherslu á börn. Einnig að innleiðing sáttmálans hjá Reykjavíkurborg hefjist sem fyrst og innleiðingaráætlun taki mið af því að hægt sé að fagna stórum áfanga á 30 ára afmæli barnasáttmálans árið 2019. Innleiðingin taki mið af reynslu annarra þjóða og þekkingu sem þegar er til, m.a. á vegum UNICEF, þar sem til er innleiðingaráætlun sem sniðin er að sveitarfélögum undir heitinu Barnvænt samfélag (e. Child Friendly Cities).

Starfshópur um aukið lýðræði barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi skóla- og frístundasviðs var skipaður í mars 2016 og skilaði skýrslu í júní 2016. Meðal tillagna hópsins var að hefja markvissa innleiðingu Barnasáttmálans í öllu starfi á vegum skóla- og frístundasviðs m.a. með því að fara í aukið samstarf við UNICEF um vinnu við Réttindaskóla barna gera áætlun um fyrirkomulag þeirrar vinnu.

Réttindaskólinn er vinnulíkan fyrir skóla- og frístundastarf sem tekur mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og miðar að því að auka virðingu, vernd og innleiðingu mannréttinda. Skólar og frístundaheimili og félagsmiðstöðvar sem vinna eftir líkaninu leggja sáttmálann til grundvallar í starfi sínu, skipulagningu, stefnumótun og starfsháttum. Áhersla er lögð á að skapa umhverfi sem byggist á þátttöku, jafnrétti og virðingu. Markmið Réttindaskólans er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum að

verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútíma samfélagi. Laugarnesskóli og frístundaheimilið Laugasel hlutu viðurkenningu UNICEF sem Réttindaskóli og Réttindafrístundaheimili vorið 2017 og 18. maí 2018 hlutu Laugalækjarskóli, félagsmiðstöðin Laugó og frístundaheimilið Dalheimar viðurkenningu UNICEF sem Réttindaskóli, Réttindafrístundaheimili og Réttindafélagsmiðstöð og er það í fyrsta sinn í heiminum sem UNICEF veitir félagsmiðstöð slíka viðurkenningu.

### **Staðan á innleiðingu barnasáttmálans 31. júlí 2024 í skóla- og frístundastarfi**

Eftirfarandi frístundaheimili og félagsmiðstöðvar í Reykjavík þegar hlotið viðurkenningu sem Réttindaskólar og Réttindafrístund UNICEF:

- Laugarnesskóli, frístundaheimilið Dalheimar og frístundaheimilið Laugarsel fengu viðurkenningu sem Réttindaskóli og Réttindafrístund árið 2017, endurmat 2020 og aftur endurmat 2023.
- Laugarlækjarskóli og félagsmiðstöðin Laugó fengu viðurkenningu 2018, endurmat 2021 og stefna á að hefja endurmat 2024
- Vesturbæjarskóli og frístundaheimilið Skýjaborgir fengu viðurkenningu 2019 og endurmat 2022
- Melaskóli og frístundaheimilið Selið fengu viðurkenningu 2019 og endurmat 2023
- Hagaskóli og félagsmiðstöðin Frosti fengu viðurkenningu 2019.
- Grandaskóli og frístundaheimilið Undraland fengu viðurkenningu 2019 og ætla að hefja innleiðingu að nýju haustið 2024
- Frístundaheimilið Frostheimar fengu viðurkenningu 2019 og endurmat 2023.
- Engjaskóli og frístundaheimilið Brosbær fengu viðurkenningu 2023.
- Borgaskóli og frístundaheimilið Hvergiland fengu viðurkenningu 2023.

Eftirfarandi frístundaheimili og félagsmiðstöðvar í Reykjavík eru í innleiðingarferli að verða Réttindaskólar og Réttindafrístund UNICEF:

- Háteigsskóli, félagsmiðstöðin 105 og frístundaheimilið Halastjarnan
- Víkurskóli og félagmiðstöðin Vígyn
- Fossvogsskóli og frístundaheimilið Neðstaland
- Hvassaleitisskóli, frístundaheimilið Krakkakot og félagsmiðstöðin Tónabær
- Breiðagerðisskóli og frístundaheimilið Sólbúar,
- Réttarholtsskóli og félagsmiðstöðin Bústaðir
- Húsaskóli og frístundaheimilið Kastali
- Hamraskóli og frístundaheimilið Simbað
- Rimaskóli, félagsmiðstöðin Sigyn og frístundaheimilið Tígrishær
- Foldaskóli, félagsmiðstöðin Fjörgyn og frístundaheimilið Regnbogaland.

Fyrirhugað er að eftirfarandi grunnskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar hefji innleiðingu haustið 2024:

- Hólabrekkuskóli, félagsmiðstöðin Hundraðogellefu, frístundaheimilið Álfheimar og frístundaheimilið Hraunheimar.
- Vogaskóli, félagsmiðstöðin Buskinn og frístundaheimilið Vogasel.
- Grandaskóli og frístundaheimilið Undraland.

Lagt er til að eftirfarandi grunnskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar hefji innleiðingu á næstu fimm árum: Austurbæjarskóli, 100&1, Draumaland, Langholtsskóli, Þróttheimar, Glaðheimar, Álftamýrarskóli, Tónabær, Álftabær, Hlíðaskóli, Gleðibankinn, Eldflaugin, Ingunnarskóli, Stjörnuland, Fókus, Sæmundarskóli, Fjósið, Fellið, Dalskóli, Úlfabyggð, Plúto Árbæjarskóli, Ársel, Töfrasel, Ártúnsskóli, Skólasel, Selásskóli, Víðisel, Norðlingaskóli, Holtið, Klapparholt, Fellaskóli, Vínafell, Breiðholtsskóli, Bakkasel, Bakkinn Ölduselsskóli, Vínheimar, Regnboginn, Seljaskóli, Hólmasel, Vínasel, Klébergsskóli, Kátakot, Flógyn, Klettaskóli, Askja, Gulahlíð, Hekla og Brúarskóli.

### **Réttindaskólar UNICEF á leikskólastigi**

Fimm leikskólar í Reykjavík; Laugasól, Vínagerði, Ungbarnaleikskólinn Bríetartúni, Gullborg, Ævintýraborg við Eggertsgötu, fengu viðurkenningu sem Réttindaskólar UNICEF á leikskólastigi vorið 2024. Undanfarin ár hafa UNICEF á Íslandi, Háskóli Íslands, SFS og þessir 5 leikskólar unnið að því að aðlaga Réttindaskóla UNICEF að leikskólastarfinu. Þróunarverkefnið nær til þriggja ára og hefur styrk úr B-hluta þróunarsjóðs til eins árs. Eitt ár er eftir af þróunarverkefninu. Engar greiðslur hafa verið til UNICEF þar sem lítið er á þetta verkefni sem “pilot”verkefni.

Fyrirhugað er að leikskólarnir Lyngheimar, Hálsaskógur og Sunnuás hefji innleiðingu Réttindaskóla UNICEF á leikskólastigi haustið 2024.

Lagt er til að allir leikskólar skóla- og frístundasviðs innleiði verkefnið Réttindaskóli UNICEF á leikskólastigi á næstu árum.

Samkvæmt meðfylgjandi samningi við UNICEF vegna innleiðingar Réttindaskóla, Réttindafrístundar og Réttindaleikskóla árið 2024 er kostnaður skóla- og frístundasviðs kr. 2.809.155.- og rúmast kostnaðurinn innan fjárheimilda sviðsins.

## Samkomulag UNICEF á Íslandi og skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar vegna verkefnisins Réttindaskóli og -frístund UNICEF

UNICEF Ísland, kt. 481203-2950 og skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, hér eftir nefnd UNICEF og SFS, hafa gert með sér eftirfarandi samkomulag.

UNICEF og SFS lýsa því yfir og eru sammála um að ganga til samstarfs um framkvæmd verkefnisins Réttindaskóli og -frístund UNICEF á Íslandi í eftirfarandi starfsstöðvum borgarinnar: *Vogaskóla, Vogaseli, Buskanum, Grandaskóla, Undralandi, Hólabrekkuskóla, Hundraðogellefu, Álheimum og Hraunheimum.* Fyrirhugað er að leikskólarnir *Lyngheimar, Hálsaskógur og Sunnuás* hefji innleiðingu Réttindaskóla UNICEF á leikskólastigi haustið 2024.

Starfsstöðvarnar munu innleiða verkefnið Réttindaskóli og -frístund sem þýðir að þær samþykkja að nota Barnasáttmálann sem viðmið og leiðarstef í starfi sínu. Barnasáttmálinn verður þannig nýttur í gæðastjórnun við stefnumótun og þjónustu í samræmi við réttindi barna. Framvinda verkefnisins verður í nánú samstarfi við UNICEF og með tilliti til aðstæðna á hverri starfsstöð.

Framkvæmd verkefnisins er í höndum stjórnenda þeirra starfsstöðva sem hefja innleiðingu á verkefninu með stuðningi UNICEF, sbr. viðauka við samkomulag þetta. Aðilar samningsins lýsa með undirritun sinni yfir vilja sínum og ætlun að viðhafa gott samstarf með réttindi barna á vettvangi skóla- og frístundastarfs að leiðarljósi.

Ef upp kemur ágreiningur vegna samkomulags þessa skulu aðilar reyna að leysa hann í sátt. Kjósi aðilar að fara með deiluna fyrir dómstóla skal málið rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Verði um verulegar vanefndir að ræða á skyldum annars hvors samningsaðila skv. samningnum er gagnaðila heimilt að rifta samningnum og/eða krefjast endurgreiðslu, án frekari fyrirvara eða aðvarana.

Áður en til riftunar kemur skal samningsaðili þó hafa skorað á gagnaðila að bæta úr vanefndinni innan hæfilegs frests, sem skal að öllu jöfnu ekki vera lengri en 14 dagar.

Heildarkostnaður fyrir allar starfsstöðvarnar vegna verkefnisins er **2.809.155 kr.** í samræmi við kostnað sem tilgreindur er í viðauka við samkomulagið.

Greiðslur vegna samningsins fara fram við undirritun samningsins.

Samningur þessi tekur gildi þann 1. september 2024 og gildir til 31. júní 2027 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Gerður er fyrirvari af hálfu skóla- og frístundasviðs um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru ákveðnar með fyrirvara um fjárheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun á hverju ári eftir fyrsta ár samningsins.

Samningurinn er uppsegjanlegur af hálfu beggja samningsaðila með fjöggra mánaða fyrirvara og miðast uppsagn við mánaðarmót.

Samningur þessi er undirritaður með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti og reglugerð (ESB) 910/2014 um sama efni. Með undirritun ábyrgjast viðkomandi einstaklingar jafnframt að þeir hafi umboð til að skuldbinda aðila, með þeim hætti sem samningurinn gerir ráð fyrir.

Reykjavík, [dags. undirritunar] 2024

---

f.h. UNICEF á Íslandi

Birna Þórarinsdóttir

Framkvæmdarstjóri UNICEF á Íslandi

---

f.h. skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

Helgi Grímsson

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

# Viðauki I við samkomulag UNICEF á Íslandi og skóla- og frístundasviðs vegna verkefnisins Réttindaskóli og -frístund UNICEF

## Tilgangur verkefnis og kostnaður

Í kjölfar þess að Alþingi lögfesti Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna hefur umræðan um hlutverk og ábyrgð íslenskra sveitarfélaga við innleiðingu sáttmálans aukist. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur meðal annars bent á að sveitarfélög séu órjúfanlegur þáttur við innleiðingu sáttmálans. Þótt aðildarríki Barnasáttmálans beri höfuð ábyrgð á að uppfylla skuldbindingar hans, bera sveitarfélög ábyrgð á stærsta hluta þeirra verkefna sem hafa beina tengingu við daglegt líf barna. Innleiðing Barnasáttmálans er því háð áhuga og þátttöku sveitarfélaga.

Alþingi Íslands lögfesti samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (hér eftir Barnasáttmálinn) í mars 2013. Í tilefni lögfestingarinnar skipaði borgarstjóri Reykjavíkur starfshóp. Markmið með stofnun starfshópsins var samkvæmt erindisbréfi að tryggja að öll starfsemi Reykjavíkurborgar taki mið af þeim skuldbindingum sem leiða af lögfestingu Barnasáttmálans. Hlutverk hópsins var að vinna samantekt á þeim þáttum í stjórnsýslu og þjónustu Reykjavíkurborgar sem snúa að skuldbindingum sem leiða af lögfestingu Barnasáttmálans. Í erindisbréfi var vísað til samþykkrar tillögu borgarstjórnar á fundi borgarráðs þann 4. september 2014. Meðal tillagna sem starfshópurinn lagði fram var mikilvægi markvissrar fræðslu fyrir starfsfólk, kjörna fulltrúa og borgarbúa með sérstaka áherslu á börn. Einnig að innleiðing sáttmálans hjá Reykjavíkurborg hefjist sem fyrst og innleiðingaráætlun taki mið af því að hægt sé að fagna stórum áfanga á 30 ára afmæli Barnasáttmálans árið 2019. Innleiðingin taki mið af reynslu annarra þjóða og þekkingu sem þegar er til, m.a. á vegum UNICEF, þar sem til er innleiðingaráætlun sem sniðin er að sveitarfélögum undir heitinu Barnvænt sveitarfélag (e. Child Friendly Cities Initiatives (CFCI)). Starfshópur um aukið lýðræði barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi skóla- og frístundasviðs var skipaður í mars 2016 og skilaði skýrslu í júní 2016. Meðal tillaga hópsins var að hefja markvissa innleiðingu Barnasáttmálans í öllu starfi á vegum skóla- og frístundasviðs m.a. með því að fara í aukið samstarf við UNICEF um vinnu við Réttindaskóla- og frístund og gera áætlun um fyrirkomulag þeirrar vinnu.

Réttindaskólar og -frístund er verkefni fyrir skóla- og frístundastarf sem tekur mið af Barnasáttmálanum og miðar að því að auka virðingu, vernd og innleiðingu mannréttinda. Skólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar leggja sáttmálann til grundvallar í öllu starfi sínu; skipulagningu, stefnumótun og starfsháttum. Áhersla er lögð á að skapa umhverfi sem byggir á þátttöku, jafnrétti og virðingu.

Markmið verkefnisins sem byggja á Barnasáttmálanum.

1. **Aukin þekking á réttindum barna**
2. **Aukin þátttaka barna**
3. **Betri greining á stöðu réttinda barna**
4. **Aðgerðir sem bæta aðstæður barna**
5. **Samstarf skóla, frístundaheimila, félagsmiðstöðva og annarra aðila í nærsamfélagi barna**

Markmið Réttindaskóla og -frístundar er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi. Barnasáttmálinn er útgangspunktur allra ákvarða í skóla- og frístundastarfi auk þess sem réttindi barna endurspeglast í samskiptum barna, ungmenna, kennara, frístundaráðgjafa og annarra starfsmanna.

Á sama tíma og innleiðing Réttindaskóla gengur út á að skapa lýðræðislegt umhverfi styður það einnig við ferla sem þegar eru til staðar innan skóla- og frístundastarfs, sem byggja m.a. á lögum um grunnskóla, lögum um barnavernd, aðalnámskrá, skólanámskrá, viðmið um gæði í frístundastarfi, stefnumótun í æskulýðsmálum, jafnréttis- og forvarnastefnum.

Samkvæmt íslenskum grunnskólalögum (nr. 92/2008) og aðalnámskrá (2011/2013), bera skólar ekki einungis ábyrgð á því að tryggja að börn á Íslandi fái menntun í hefðbundnum kennslufögum, heldur eiga þeir jafnframt að vera uppspretta þekkingar um mannréttindi. Í lögum segir meðal annars að hver sá sem starfi innan skóla eigi að efla, miðla og tryggja virðingu fyrir mannréttindum og að menntun eigi að taka mið af þessum réttindum. Almenn ákvæði grunnskólalaganna falla undir starfsemi frístundaheimila.

Í almennum hluta aðalnámskrár er gerð grein fyrir sex grunnþáttum íslenskrar menntunar (læsi, sköpun, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, sjálfbærni og jafnrétti). Einn umræddra þátta, lýðræði og mannréttindi, undirstrikar þá áherslu sem lögð er á mannréttindafræðslu og að skólarnir búi börn undir að verða virkir þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi. Þó að grunnþættirnir séu settir fram sem sex ólíkir þættir, tengjast þeir innbyrðis og eru háðir hver öðrum. Sem dæmi má nefna að ekki getur orðið virkt lýðræði án þess að stuðlað sé að jafnrétti í þjóðfélaginu; mannréttindi verða ekki tryggð nema stuðlað sé að heilbrigði og velferð. Í sjálfbærni felst virðing fyrir umhverfinu, ábyrgð, heilbrigði, lýðræðislegum vinnubrögðum og jafnrétti. Það má því segja að með innleiðingu hugmyndafræði Réttindaskóla felist mörg tækifæri til að vefa grunnþætti námskrárinnar inn í starf skóla og styrkja þannig samspil á milli aðalnámskrárinnar og skólastarfs.

Þegar skóli, frístundaheimili eða félagsmiðstöð hefja innleiðingu Réttindaskólaverkefnisins þýðir það ekki að nýtt sjónarhorn bætist við verkefnalistann, heldur að skapaður sé rammi utan um hin ólíku sjónarhorn, stefnur og gildi sem nú þegar er verið að vinna með. Réttindaskóli og -frístund er því heildarmynd sem krefst þess að starfsfólk og börn vinni saman að aukinni virðingu fyrir mannréttindum í öllu starfi skóla, frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar.

Þannig er verkefnið Réttindaskóli og -frístund UNICEF bæði hugmyndafræði og hagnýtt verkefni sem miðar að því að auka virðingu, vernd og framkvæmd mannréttinda.

## Heildarskólanálgun

Í Réttindaskóla og -frístund UNICEF notum við hugtakið heildarskólanálgun (e. Whole School Approach) til þess að skýra hugmyndafræði verkefnisins, en hún skiptist í fjögur skref sem lýsa heildrænni nálgun á innleiðingu réttinda barna í skóla- og frístundastarfið.

Fyrsta skref er að börnin njóti þeirra réttinda að mennta sig. AÐ LÆRA ERU RÉTTINDI



Skref tvö er að börn og fullorðin þekki og læri um réttindi barna. AÐ LÆRA UM RÉTTINDI

Í skrefi þrjú læra börn um réttindi sín í umhverfi sem styður við réttindi þeirra. AÐ LÆRA Í RÉTTINDA UMHVERFI

Lokaskrefið er að börn iðki réttindi fyrir sig sjálf og aðra. AÐ LÆRA AÐ IÐKA RÉTTINDI

Reynslan sýnir að heildarskólamiðaðar nálganir, þar sem réttindi barna koma við sögu í daglegum rekstri, virkni og anda skólans, eru skilvirkari og sjálfbærari en þegar réttindi barna eru aðeins til umfjöllunar í ákveðnum kennslustundum, stökum fyrirlestrum eða verkefnum og viðburðum sem eru haldnir gagngert til að fjalla um réttindi barna.

Djúpur og rótgróinn skilningur allra hagsmunaaðila á réttindum barna skilar sér inn í alla anga skólastarfsins en til þess þarf að fræða allt starfsfólk, kennara, stjórnendur sem og börnin og fjölskyldur þeirra.

Það tekur tíma að innleiða heildarskólanálgun því ekki er einungis verið að tala um hvað er kennt, heldur hvernig er kennt og í hvaða umhverfi.

### **Innleiðingarskrefin**

Innleiðingarferlið felst í nokkrum skrefum sem gera starfsfólki kleift að innleiða hugmyndafræði Réttindaskólans með einföldum og markvissum hætti. Innleiðingarferlið byggir á reynslu UNICEF í Bretlandi og Svíþjóð er staðfært og í stöðugri þróun af UNICEF á Íslandi. Frekari útlistun á innleiðingarferlinu og hugmyndafræði verkefnisins má finna í Handbók Réttindaskóla og -frístundar UNICEF.

#### Að byggja upp grunninn

- Skólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar undirrita samning við SFS og UNICEF
- Umsjónarmenn skipaðir frá öllum starfsstöðvum
- Fulltrúar frá skóla, frístundaheimili og félagsmiðstöð sækja vinnustofur á vegum UNICEF
- Verkefnið, hugmyndafræðin og námsskrá Réttindaskóla- og frístundar kynnt fyrir kennurum og starfsfólki skólans
- Áætlun gerð varðandi námskeið (hvenær eru námskeið tekin? Starfsdagar eða á annan hátt?)
- Umsjónarmenn, stjórnendur og réttindaráð sitja námskeið og sækja fræðslu samkvæmt námsskrá Réttindaskóla og -frístundar.
- Kennarar komnir með verkefnahandbók Réttindaskóla.
- Verkefnið kynnt fyrir starfsfólki, börnum og foreldrum
- Bréf sent á alla foreldra.
- Tímalína innleiðingar skýr.
- Réttindaráð kynnt fyrir starfsfólki, börnum og foreldrum.
- Réttindaráð stofnað og reglulegur fundatími festur.
- Umsjónarmenn fara yfir markmið réttindaráðs og helstu verkefni með ráðinu.
- Umsjónamannafundur komnir í dagatalið.

#### Stöðumat

- Stöðukönnun barna (þekking á réttindum)

- Stöðukönnun starfsfólks (þekking á réttindum)
- Öryggiskönnun barna (skóli, frístundaheimili og félagsmiðstöð)
- Aðgengiskönnun barna (skóli, frístundaheimili og félagsmiðstöð)
- Tilkynna UNICEF að stöðumati sé lokið
- Umsjónarmenn taka á mótí gögnum úr stöðumati frá UNICEF
- Gögn borin undir réttindaráð - forgangsröðun verkefna hefst fyrir aðgerðaáætlun

#### Aðgerðaáætlun

- Aðgerðaáætlun unnin með Réttindaráði út frá niðurstöðum stöðumats
- Ábyrgðaraðilar meðvitaðir um verkefnin
- Aðgerðaáætlun samþykkt af stjórnendum
- Aðgerðaáætlun samþykkt af UNICEF
- Allar aðgerðir í aðgerðaáætlun tengdar við réttindi barna og markmið Réttindaskóla og -frístundar
- Auðlesin útgáfa af aðgerðaáætlun aðgengileg á heimasíðu skólans
- Aðgerðaáætlun kynnt af réttindaráði fyrir öðrum börnum

#### Innleiðing

Á þessum tímamarki er verkefnið komið vel af stað. Allt starfsfólk hefur sótt a.m.k. eitt námskeið á UNICEF Akadémíunni og börn og foreldrar hafa fengið tækifæri til þess að fræðast um markmið innleiðingarinnar. Réttindaráðið hefur farið yfir niðurstöður stöðumats og aðgerðaáætlun tilbúin og samþykkt af skólastjórnendum og UNICEF. Þá er tími til að framkvæma og vinna markvisst að umbótum.

- Aðgerðaáætlun framkvæmd.
- Forvarnaráætlanir (jafnréttis-, eineltis- og verndaráætlanir) yfirfarnar og gerðar virkar og kynntar vel fyrir öllum starfsmönnum og börnum. Þær gerðar sýnilegar og aðgengilegar öllum.

#### Úttekt og viðurkenning

- Stöðumat endurtekið og allar kannanir lagðar fyrir aftur til þess að mæla árangur.
- Réttindaráð skilar greinagerð sem er deilt með skóla og frístundasviði.
- Umsjónarmenn og stjórnendur skila inn greinagerð.
- Ef skóli, frístundaheimili og/eða félagsmiðstöð uppfylla forsendur Réttindaskóla og -frístundar veitir UNICEF þeim viðurkenningu og í kjölfar þess mega skólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar nota nafnbótina Réttindaskóli eða Réttindafrístund UNICEF.
- Fáni, viðurkenningarskjál og gardína Réttindaskóla og -frístundar UNICEF afhent.

#### Endurmat

- Að þremur árum liðnum býðst skóla, frístundaheimili og/eða félagsmiðstöð að sækja um endurmat á viðurkenningunni. Til þess að fá endurmat þurfa skólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar að fylgja sama ferli og áður, auk þess að gera grein fyrir hvornig tekið var mið af endurgjöf UNICEF. Ný aðgerðaáætlun er gerð og kláruð á þremur árum, réttindaráð heldur áfram að funda og unnið er markvisst að því að uppfylla markmið Réttindaskóla og -frístundar og búa til heildarskólaumhverfi sem styður við réttindi barna.

## Kostnaður

Innifalið í verkefninu er öll ráðgjöf og fræðsla sem UNICEF á Íslandi veitir umsjónarmönnum og réttindaráði. Fræðslan fer fram rafrænt og í vinnustofum. Starfsfólki stendur jafnframt til boða fræðslu- og stuðningsefni s.s. handbók fyrir innleiðinguna og verkefnahefti. UNICEF á Íslandi veitir aðgang að rafrænum spurningakönnunum. Kostnaður miðast við einn leikskóla annarsvegar og grunnskóla, frístundaheimili og félagsmiðstöð hinsvegar.

UNICEF á Íslandi ábyrgist að starfsfólk sem mætir í skóla, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar á vegum samtakanna sé með hreint sakarvottorð.

Ráðgjöf og reglubundnir fundir

Mánaðarleg handleiðsla umsjónarmanna

Fyrirlögn á könnunum

Úttekt fyrir viðurkenningu

Námskeið og vinnustofur um Barnasáttmálann og innleiðinguna á hverju hausti

Úttekt fyrir viðurkenningu

Ferðakostnaður/veitingar

Fáni, handbækur og viðurkenning

**Samtals: 1.135.000 kr.**

**Styrkur frá Mennta- og barnamálaráðneyti - 50% = 567.500 \* 3 = 1.702.500**

**Samtals greitt af Reykjavíkurborg 567.500.- kr fyrir hvern skóla, frístundaheimili og félagsmiðstöð**

**Afsláttur vegna þróunarvinnu við Réttindaskóla á leikskólastigi - 35% = 368.875**

**Samtals greitt af Reykjavíkurborg fyrir hvern leikskóla = 368.875 \* 3 = 1.106.655kr.**

Endurmat á viðurkenningunni er á 3 ára fresti og er kostnaðurinn við hvert endurmat 150.000 kr. og er sá kostnaður greiddur af skóla, frístundaheimili og félagsmiðstöð og leikskóla. Ef ekki er óskað eftir endurmati þremur árum eftir viðurkenningu missir skóli, frístundaheimili og félagsmiðstöð viðurkenningu sem Réttindaskóli og -frístund UNICEF.

Athugið að skóli, frístundaheimili og/eða félagsmiðstöð þurfa að sækja saman um endurmat, líkt og við innleiðingu.

Innleiðing verkefnisins tekur 2 ár. Skólar hafa hins vegar svigrúm í 3 ár til þess að ljúka við innleiðinguna. UNICEF metur ástæður og aðstæður með hverjum skóla, frístundaheimili og félagsmiðstöð fyrir sig. Ef innleiðing tekur meira en 3 ár skal greiða aftur fullt gjald fyrir hvern skóla, frístund og félagsmiðstöð og skal skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar greiða þann kostnað.

Heildarkostnaður sem skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar greiðir UNICEF vegna verkefnisins vegna eftirfarandi starfsstöðvum borgarinnar: *Vogaskóla, Vogaseli, Buskanum, Grandaskóla, Undralandi, Hólabrekkuskóla, Hundradogellefu, Álíheimum og Hraunheimum og leikskólanna Lyngheima, Hálsaskógur og Sunnuás hefji innleiðingu Réttindaskóla UNICEF á leikskólastigi haustið 2024* nemur alls **2.809.155 kr.**

Samningsaðilum er óheimilt að framselja réttindi sín og/eða skyldur samkvæmt samningi þessum, í heild eða hluta, nema að fyrirframfengnu skriflegu samþykki.

Um samning þennan fer eftir reglum Reykjavíkurborgar um styrki sem eru meðfylgjandi í viðauka II.

## **Reglur Reykjavíkurborgar um styrki - samþykktar í borgarráði 25.maí 2017**

# **Reglur Reykjavíkurborgar um styrki**

### **1. kafli. Markmið.**

#### **1. gr.**

Reykjavíkurborg veitir ár hvert félagasamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum styrki til starfsemi og þjónustu sem fellur að hlutverki sveitarfélagsins eða telst á annan hátt í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsröðun borgaryfirvalda.

#### **2. gr.**

Markmiðið með styrkjum borgaryfirvalda er að styðja við sjálfsprottið starf, starfsemi frjálsra félagasamtaka og framtak einstaklinga sem stuðla að farsælli þróun borgarsamfélagsins, lífsgæðum og fjölbreytilegu mannlífi.

#### **3. gr.**

Með styrkjum skal leitast við að styrkja og efna til samstarfs á grundvelli samninga (styrksamninga, samstarfssamninga, þjónustusamninga) um uppbyggilega starfsemi og þjónustu í samræmi við áherslur og forgangsröðun borgaryfirvalda. Styrkir geta verið hvort sem er til einstakra verkefna eða rekstrar. Hvorki eru veittir styrkir til kaupa á húsnæði né sérstaklega til greiðslu fasteignaskatts.

### **2. kafli. Ábyrgð.**

#### **4. gr.**

Borgarráð mótar almenna stefnu í styrkjamálum Reykjavíkurborgar og ákveður borgarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar árleg framlög til styrkja. Borgarráð getur ár hvert samþykkt sérstakt áherslusvið í styrkveitingum næsta árs og ætlað fjármagn til styrkja á því sviði af styrkjalið borgarráðs.

Borgarráð fer með úthlutun styrkja, og gerð langtímasamninga, sem falla utan við verksvið fagnefnda borgarinnar. (Borgarráð getur þó falið einstökum nefndum að annast eftirlit og framkvæmd slíkra samninga.)

#### **5. gr.**

Fagnefndir Reykjavíkurborgar bera ábyrgð á meðferð styrkumsókna á sínu sviði, úthlutun styrkja og gerð samninga í umboði borgarráðs.

Einstaka fagnefndir skulu gera samþykkt um málefnaleg markmið og vinnulag í tengslum við úthlutun styrkja og samninga. Samþykktirnar skulu lagðar fyrir borgarráð til staðfestingar.

## **6.gr.**

Skrifstofa borgarstjórnar fer með ábyrgð á umsjón styrkjamála miðlægt og styrkumsóknum sem koma til afgreiðslu borgarráðs. Í því felst m.a. móttaka styrkumsókna, skráning, flokkun og vísun til fagnefnda, gerð heildaryfirlita og árleg auglýsing ásamt umsóknar- og kynningarefni á vef Reykjavíkurborgar.

## **3. kafli. Meðferð og afgreiðsla umsókna og styrkja**

### **7.gr.**

Við meðferð og mat á umsóknum skal viðhafa góða stjórnsýsluhætti, gagnsæi og vönduð vinnubrögð.

Meginreglan skal vera sú að þær umsóknir einar séu gildar sem berast innan tilsetts umsóknarfrests og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í auglýsingu.

### **8. gr.**

Auglýst skal fyrir 1. september ár hvert eftir almennum umsóknum um styrki til Reykjavíkurborgar. Við það skal miðað að frestur til að skila inn umsóknum einn mánuður og úthlutun nefnda og ráða sé lokið í árslok. Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um umsóknarfrest, forsendur styrkveitinga og nauðsynleg fylgigögn, auk annarra hagnýtra upplýsinga. Þá skal koma fram í auglýsingu að styrkveiting feli í sér að umsækjendur undirgangist ákvæði reglna Reykjavíkurborgar um styrki

### **9. gr.**

Umsóknum skal skilað á þar til gerðum eyðublöðum sem skulu vera aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is) og á stofnunum borgarinnar.

Auk almennra upplýsinga um umsækjanda skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í umsókn:

- Markmið verkefnis eða starfsemi
- Tíma- og verkáætlun.
- Önnur fjármögnun verkefnis eða starfsemi og gögn því til stuðnings
- Aðrar upplýsingar, ef við á.
- Hafi umsækjendur áður fengið styrki skulu liggja fyrir skilagreinar um nýtingu fyrri styrkja.

### **10.gr.**

Umsóknir skulu metnar með hliðsjón af a) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð; b) hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf; c) hvort unnt sé að meta framvindu verksins; d) hvort skilagreinar og fyrri verkefni sem styrk hafa hlotið uppfylli lágmarkskröfur; e) væntanlegum árangri og ávinningi fyrir umrædda starfsemi f) fjárhagsáætlun og greinargerð um aðra fjármögnun sem einnig skal fylgja umsókn g) því hve vel þær falli að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og markmiðum um innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun.

Styrkþegum er skylt að skila greinargerð um ráðstöfun styrkfjár fyrir lok ráðstöfunarárs. Greinargerðinni skal skilað á sérstöku eyðublaði sem er aðgengilegt á [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is) og hjá stofnunum borgarinnar.

Þeir sem njóta styrkja borgarinnar skulu skila hlutaðeigandi styrkveitanda á vegum borgarinnar (borgarráði eða fagráði) kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar skv. nánari reglum hér á eftir. Sama gildir um þá aðila sem fá framlög frá borgarsjóði á grundvelli samstarfs- eða þjónustusamninga.

#### **11. gr.**

Framkvæmdastjórar fagnefnda leggja umsóknir fyrir nefndir með rökstuddri tillögu um afgreiðslu á grundvelli samþykktra markmiða og vinnulags viðkomandi nefndar.

Skrifstofustjóri borgarstjórnar annast meðferð þeirra umsókna sem koma til afgreiðslu borgarráðs og leggur rökstuddar tillögur fyrir ráðið. Ef stuðst er við umsagnir undirnefnda eða ráðgefandi aðila skulu þær umsagnir jafnframt lagðar fram.

Tilkynna skal öllum umsækjendum skriflega um afgreiðslu styrkumsóknar og hvenær styrkur kemur til greiðslu, ef hann er veittur.

#### **12. gr.**

Styrkveiting gildir fyrir næsta fjárhagsár. Viðburðir eða verkefni eru ekki styrkt eftir á.

Styrkveiting felur ekki í sér fyrirheit um frekari skuldbindingar af hálfu Reykjavíkurborgar nema gerður sé sérstakur samningur þess efnis.

Nefndir skulu leggja styrkjasamninga, sem taka til lengri tíma en eins árs fyrir borgarráð til samþykktar.

#### **13. gr.**

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningum, afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu styrkþega.

#### **14. gr.**

Að jafnaði skulu styrkir allt að 1 m.kr. greiddir í einu lagi, styrkir á bilinu 1-2 m.kr. í tvennu lagi, styrkir á bilinu 2-3 m.kr. í þrennu lagi, en hærrí styrkir ársfjórðungslega. Sama gildir um greiðslur vegna styrksamninga. Greiðslur fara fram 16.-18. mars, júní, september og desember.

#### **15.gr.**

Fagnefndir skulu leggja yfirlit veittra styrkja fyrir borgarráð til kynningar eins fljótt og auðið er. Þær annast jafnframt almenna kynningu á styrkveitingum hver á sínu sviði.

#### **16.gr.**

Styrkþegar skulu gera grein fyrir því í árslok hvernig styrkfé hefur verið varið.

Framlög Reykjavíkurborgar sem veitt eru í formi aðstöðu og/eða húsnæðis skuli metin skv. reiknireglum borgarinnar um innri leigu og gerð grein fyrir þeim ásamt öðrum styrkjum á viðkomandi starfsári.

Þeir aðilar sem njóta styrkja frá Reykjavíkurborg skulu láta þess getið í kynningarefni sínu.

### **4. kafli. Gildistaka**

#### **17. gr.**

Reglur þessar svo breyttar taka gildi frá og með samþykkt í borgarráði 25.maí 2017 og falla þá úr gildi eldri reglur samþykktar af borgarráði.